

**Nd.**

**1277. Frumvarp til laga**

[523. mál]

um breyting á lögum nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 13. júní.)

1. gr.

3. mgr. 16. gr. laganna orðist svo:

Hagnaður af sölu íbúðarhúsnæðis telst mismunur á söluverði þess annars vegar og stofnverði þess að frádregnum áður fengnum söluhagnaði, sbr. 2. mgr., og 25% af innlaun innstæðu húsnæðissparnaðarreiknings, í tengslum við kaup, byggingu eða endurbætur íbúðarhúsnæðisins, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um húsnæðissparnaðarreikninga, hins vegar þegar stofnverðið, söluhagnaðurinn og 25% innstæðuinnlausnar hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr.

2. gr.

Lokamálsliðir 1. mgr. 67. gr. laganna, sbr. 3. gr. l. nr. 121/1984, orðist svo:

Frá þannig reiknuðum tekjuskatti skal síðan dreginn skattafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

3. gr.

68. gr. laganna, sbr. 4. gr. l. nr. 121/1984, orðist svo:

Skattafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal annars vegar vera persónuafsláttur að fjárhæð 35 000 kr. en hins vegar 25% af því fé sem menn leggja á tekjuárinu inn á bundinn reikning vegna húsnæðissparnaðar skv. lögum um húsnæðissparnaðarreikninga, allt að því hámarki er þar getur.

Nemi skattafsláttur skv. 1. mgr. hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni skv. 1. másl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun og skal því ráðstafað fyrir hvern mann til að greiða eignarskatt hans á gjaldárinu og síðan sjúkratryggingagjald hans á gjaldárinu og því, sem þá kann að vera óráðstafað, til greiðslu útsvars hans á gjaldárinu. Sá skattafsláttur, sem enn er óráðstafað, fellur niður nema um sé að ræða óráðstafaðan skattafslátt annars hjóna sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr., og skal þá þessi óráðstafaði hluti skattafsláttar makans dragast frá reiknuðum skatti hins makans. Nemi þannig ákvarðaður skattafsláttur síðar nefnda makans í heild hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni hans skv. 1. másl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun til að greiða eignarskatt, sjúkratryggingagjald og útsvar hans á gjaldárinu. Sá hluti skattafsláttar, sem þá verður enn óráðstafað, fellur niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda vegna álagningar tekjuskatts á árinu 1986 á tekjur ársins 1985.

#### **Ákvæði til bráðabirgða.**

Þrátt fyrir ákvæði 54. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 8/1984, þarf innlögn 50% fjárfestingarsjóðstillaga vegna rekstrarársins 1984 á bundinn reikning ekki að hafa átt sér stað fyrr en fyrir 1. júlí á árinu 1985. Innborganir á slíka reikninga í júnímánuði 1985 skulu bundnar í sex mánuði, talið frá innborgunardegi.

Meðan ákvæði laga um eignarskattsauka eru í gildi skal með hann fara á sama hátt og eignarskatt varðandi ráðstöfun ónýtt skattafsláttar, sbr. 1. og 3. másl. 2. efnismgr. 3. gr. þessara laga (68. gr. laga nr. 75/1981).

Bráðabirgðaákvæði þessi skulu, þrátt fyrir ákvæði 4. gr., koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1985 á tekjur ársins 1984.